
Skólablaðið – val

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Nemendum er gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem miðar að áhuga og þörfum einstaklingsins. Í þessum áfanga verður lögð áhersla á að efla nemendur í texta- og greinaskrifum að nemendur öðlist færni í greinaskrifum, söfnun fréttatengds efnis sem og viðtalstækni. Lögð áhersla á fréttir úr skólastarfinu af öllum stigum (myndir teknar í kennslustundum og rætt við nemendur um námið), jafnvel nýjungar í kennsluháttum og eða fyrirkomulagi. Birt efni eftir nemendur s.s. sögur ljóð og teikningar. Nemendur fá að láta ljós sitt skína, fara í hlutverk blaðamanna, taka viðtöl og skrifa fréttir úr skólalífinu.

Markmið

Að nemendur:

- geti skrifað ólíka texta.
- þjálfist í tæknilegum atriðum, þ.e. stafsetningu, uppsetningu texta, skipan efnispátta, málsnið mál og stíl.
- læri að gagnrýna og endurskoða eigin texta og nýta þessa gagnrýni til að bæta ritsmíðar sínar.
- þjálfist í uppsetningu tímarita og blaða.

Námsmat

Þátttaka, umgengni, samvinna og hegðun í tímum er metið hverju sinni. Einkunn er gefin í formi umsagnar.